

Ég andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meiri hluta Umhverfis- og samgöngunefnda.

Rökstuðningur:

1. Ríkissjóður skuldar nú þegar stóra upphæð til málaflokksins, sem innheimt hefur verið í formi sérgjalda á eldsneyti og bifreiðar undanfarin ár.
2. Með tilliti til þess hvernig farið hefur verið með þau gjöld, og hversu ómarkviss veggjaldtakan á að vera (þ.e. innheimt af öllum stofnleiðum og jarðgöngum án tillits til þeirra framkvæmda sem þar standa yfir), verður að telja fullvíst að þessi skattheimta munu ekki heldur skila sér til vegamála nema að takmörkuðu leiti.
3. Ef skipt yrði yfir í þetta form gjaldtöku þyrfti að sjálfsögðu að fella niður öll sérgjöld á eldsneyti og bifreiðar, en það er ekki nefnt í samgönguáætlun.
4. Þessi gjaldtaka myndi lenda þyngst á þeim sem hrökklast hafa undan húsnæðisskorti frá höfuðborgarsvæðinu til annarra sveitarfélaga, en sækja enn vinnu og / eða skóla þangað. Ætla má að mjög stór hluti þess hóps sé ungt fólk sem er að reyna að koma undir sig fótunum, og sem ekki má við frekari skattþíningu.
5. Allsendis ómögulegt er að stunda slíka gjaldheimtu án freklegra brota gegn friðhelgi einkalífs, þar sem hún krefst nákvæmrar skráningar á allri umferð ökutækja á öllum fjölförnustu vegum landsins. Slík skráning er náttúrlega ekkert annað en grófar persónunjósniir.

--

Virðingarfyllst,
Kári Össurarson